

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 30. apríl 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu 485. mál

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér frumvarp til laga um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin vilja fyrst benda á að lögin bera ekki með sér skýran mun á ábyrgðatryggingum sem ferðaþjónustuaðilum er skylt að leggja fram við leyfisumsókn og pakkaferðatryggingum sem aðilum sem selja pakkaferðir er skylt að leggja fram. Orðalag frumvarpsins er óskýrt og getur ruglað þessum tveim þáttum saman.

Varðandi einstaka efnisgreinar frumvarpsins eru samtökin með eftirfarandi athugasemdir:

4. gr. ferðamálaráð

- Samtökin telja því betur við komið í svo mikilvægum flokki sem ferðaþjónusta er að SAF skipi varaformann ferðamálaráðs. Samtökin fara því fram á að ákvæðinu verði breytt og að SAF verði gert að skipa varaformann.

6. gr. orðaskýringar

- Samtökin telja afar mikilvægt að starfstöð sé skilgreind í frumvarpinu, ekki síst til til að tengja þá skilgreiningu öðrum lögum og skilyrðum erlendra aðila til að starfa hér á landi.

7. gr. levfisskylða

- Fram kemur að starfsemi skal rekin á fastri starfstöð og benda samtökin aftur á mikilvægi þess að starfsstöð verði skilgreind í orðaskýringum skv. 6. gr.

9. gr. öryggisáætlanir

- Samtökin telja afar mikilvægt að lögin sem frumvarpið byggir á tengist VAKANUM með skýrari hætti og að þau skilyrði sem sett eru fram varðandi öryggis og gæðamál samræmist skilyrðum VAKANS.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson